

Mál nr. 104/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á Grenimel í Reykjavík þ.30.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3. júní 2008 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 429/08
3. Lögregluskýrsla dags. 5.5.2008.
4. Bréf V dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

A var ekið aftur á bak til norðurs úr innkeyrslu frá húsi við Grenimel, út á götuna í beygju til hægri. B var ekið austur Grenimel stöðvað og ekið aftur á bak til vesturs í beygju til hægri til að snúa við fyrir framan áðurgreint hús við Genimel. Ökumaður A segist hafa litið eftir umferð fyrir aftan áður en hún ók aftur á bak og ekki séð neitt ökutæki og síðan ekki vitað fyrr en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa séð að hann var á röngum stað á Grenimel og stöðvað og ekið aftur á bak í beygju til hægri til að snúa við. Ökumaður B segist ekki hafa séð neitt ökutæki fyrir aftan er hann ók aftur á bak og ekki vitað fyrr en árekstur varð.

Álit.

Ekki verður séð að annar ökumaður beri ábyrgð umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 10.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.